

Skógrækt Ríkisins

Deild 11

Ársskýrsla fyrir árið 1984.

Böðvar Guðmundsson

1. Veðurfar ársins.

1.1. Veturinn frá áramótum var nokkuð kaldur. Janúar var snjóþungur, sérstaklega í uppsveitum, febrúar sömuleiðis snjóþungur en þá komu einnig miklar rigningar og þar af leiðandi mikil vatnsflóð. Í mars fór veðráttan að skána og verður að telja allra samilegustu veðráttu í þeim mánuði. Aprílmánuður all þarilegur og gekk mikið á jarðflaka. Í maí var góð veðráttu. Júnímánuður mjög góður og heitur, þá mældi ég mestan hita 22 gráður. Júlí og ágúst mánuður mjög úrkomusamir, svo varla er hægt að segja að nokkur tíma hafi séð til sólar, verða þó að teljast í meðallagi hvað hitafar snertir. September all þarilegt veðurfar, logn og gott vinnuveður. Október, nóvember og desember, mjög gott veðurfar af vetrarmánuðum að vera. Árið í heild tel ég all þokkalegt, en verður víst talið í kaldara lagi.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall birkis

Laufgun á birki í lágsveitum Suðurlands tel ég hafi verið 1. júní. Laufgun í Fljótshlíð (Tumastaðir) er talin 27. maí. Birlikræðan í uppsveitum laufgæst oftast 10 - 14 dögum síðar. Sitkagreni var að sprengja af sér brumhlífar um miðjan júní.

Lauffall í lágsveitum um 20 september. Tumastaðir 28. september.

2.2. Vöxtur.

Ársvöxtur á trjágróðri var mjög lítil, þó verður að telja ársvöxt á stafafuru samilegan og sömuleiðis á sitkagreni, en einungis á þeim svæðum þar sem borið var á. Ársvöxtur á rauðgreni þar sem borið var á lítil, jafnvægi á ábörnum trjám.

2.3. Fræfall:

Fræfall var ekkert og þar af leiðandi engu fræi safnað.

2.4. Skaðar.

Eins og venjulega gulnuðu nálar á stafafuru seinnipart vetrar, en það jafnaði sig er líða tók á sumar. Töluverðir toppskaðar voru á rauðgreni og má vafalaust rekja það til kalda og vonda sumarsins 1983. Kom það sér illa vegna jólatrjáahöggs, mörg falleg tré voru toppskemmd. Maðkur og lús voru í lágmarki.

3. Starfsfólk.

17 manns komust á launaskrá á árinu 1984. Laun alls urðu 1.992.470, en til ASI fólks 1.247.038. Laun til fastra starfsmanna því kr 745.432.

Seld vinna til annara varð kr 48.347 og voru Skjólbeltanefnd og Skógræktarfélag Arnesinga stæstu kaupendurnir.

Starfsmannabílar voru leigðir fyrir kr 192.220.

Eftir mánuðum skiptist starfsfólk þannig:

Jan feb mars april maí júní júlí ág. sept okt nóv des.

2 2 1 4 12 14 11 12 7 5 4 4

Samtals urðu vinnumánuðir 70.93 eða 11.501 klst.

Vinnumán.fastra starfsm. 22.00 eða 3.567 klst.

Vinnumán.ASI fólks 48.93 eða 7.934 klst.

4. Girðingar.

Girðingaeftirlit og viðgerðir voru eins og venjulega og ekkert girt nýtt, nema þeir bútar sem fara á hverju ári og þórsmörk þar stæsti bitinn.

Endurgirðing er víða orðin mjög brýn í Þórsmörk og það sama má segja um Skarfanæs.

4.1. Þórsmörk.

Það sem mest aðkallandi er að gera er að endurgirða ca 5 km. kafla frá Tindfjallagili um Svínatungur að Rjúpnafellsgili. Þarna stendur girðingin að mestu á móklöpp og hefur vindur sorfið klöppina svo mjög að mjög hátt er orðið undir girðingunum. Steurar flestir orðnir all ryðbrunnir, enda gamlir "járnbrautarteinar" og net og gadaavír orðið svo stökkt af ryði að ekki er lengur hægt að snúa á vír.

Hitt er svo aftur annað mál, að æfinlega er rekið á Mörkina fé, og ýmist hleypt inn um hlið eða klippt á girðingar eða þeim lyft upp eis og gert var síðastliðið sumar. langt inn á Svínatungum. Vafasamt er að að bændur er þetta gera virði neira nýjar girðingar en gamlar og spurning hvort þýði nokkuð að vera að hafa girðingar þarna. Alla vega þyrfti, eins og ástandið er í dag að hafa strangt eftirlit með fjárrekstrum bændanna á afrétt.

4.2. Skarfanés.

Eins og kunnugt er, þá er syðri hluti Skarfanéslands beitarhólf bóndans í Klofa í Landsveit. Girðingin utan um þetta hólf er handónýt og búið að vera það lengi. Nú þarf að fara að endurskoða þessi beitarréttindi með það fyrir augum að afnema þau og girða suðurhlið Skarfanéslands. Sú girðing yrði ca. 2000 m, frá enda girðingar er girt var á austurkanti landsins fyrir lo árum síðan og vestur í Þjórsá. Þetta er slétt land og skorningalítið og auðvelt að girða.

4.3. Þjórsárdalur.

Það sem mest aðkallandi er í girðingarmálum í Þjórsárdal er endurgirðing kaflans frá Sandá austan Dímons og austur að Reykholtshliði. Þetta eru ca 1,3 km. Á þessum sprakk girðingin þrisvar sinnum haustið 1984 undan ágangi fjár.

4.4. Kirkjubæjarklaustursgirðing.

Klaustursgirðing er allgóð en á efra kanti er girt sitt hvoru megin í Systravatn og vilja þeir endar gjarnan skemmast af ís á vetrum. 700 metra girðing fyrir suður-enda vatnsins mundi bjarga þessu.

Alls var eytt 826 klst. til girðingaviðhalds 1984.

5. Skógarhögg.

5.1. Jólatré.

Borið var á jólatrjáareiti eins og undanfarin ár. Ekki var flogið með áburð að þessu sinni heldur öllu handdreift. Mjög góður litur var á öllum jólatrjám, enda höfðu nánast eingir frostakaflar komið er högg hófst fyrstu dagana í nóvember. Þrír menn unnu við höggið að þessu sinni og gekk vel, enda veður blíð og algjörlega snjólaust.

5.1.1. Stærðarflokkar seldra jólatrjáa.

stærð	Rauðgreni	Stafafura	
0,70 - 1,00	286	34	
1,01 - 1,25	857	44	
1,26 - 1,50	550	14	
1,51 - 1,75	210	14	
1,76 - 2,00	76	6	
2,01 - 2,50	185	1	
2,51 - 3,00	45		
3,01 - 4,00	8		
4,01 - 5,00	9		
5,01 - 6,00	2		
	<u>2.228</u>	<u>113</u>	samtals 2.341

Alls fóru 518 klst í jólatrjáahöggið.

5.2. Grisjun.

5.2.1. Þjórsárdalur.

Rásagrisjuð var ca. 2 ha í Asólfstaðafjalli síðsumars, fyrir gróðursetningu næsta árs. Lítið er eftir af ógrisjuðu landi í Þjórsárdal innan þess svæðis sem unnið hefur verið á undanfarin ár. Eftir eru þó skæklar hér og þar, ásamt ca 5 ha svæðis er opnaðist í haust er ruð var 200 m löng bratt í Asólfstaðafjalli. Af stórum svæðum eru þá aðeins eftir Díman og Héhelts-skógur. Þar er land hins vegar mjög bratt og þrýtt þannig að erfiðara verður um vik við alla vinnu.

5.2.2. Skarfanés.

Grisjaðir voru ca. 3,5 ha í Lambhaganum. í 3-6 m háum birkiskógi. Mestur hluti viðarins sem til féll var fluttur upp í Þjórsárdal og sagaður þar upp í eldivið. Mun það vera í fyrsta skipti sem slíkt er gert hjá deild ll. Nokkuð fékkst einnig af staurum.

5.3.3. Annað.

Skógræktarfélag Arnesinga fékk leigða 2 menn í vikutíma til að vinna við grisjun á Alfáskeiði í Hruna-mannahreppi og á Fjalli á Skeiðum. Allur sá viður er þar fékkst var lagður inn hjá Skógr. Ríkisins upp í vinnulaun. Fékkst þar allmikið af staurum og eldiviði, sem unnið verður upp á fyrstu mánuðum næsta árs. (1985) Alls 1.051 klst. til skógarhöggs og umhirðu birkiskóga. Af þessu eru 138 klst. vinnusala.

6. Gróðursetning.

Gróðursetning hófst 4 maí og var það óvenju snemma. Gróðursett var þá niður á klaka. Gr.setn. lauk 7 júlí. Nokkur vanhöld urðu á plöntum áður en þær komust í jörðina, sérstaklega á Blágreni í brettum frá Grundarhóli, er greinilega var toppskemmt er það kom. Var því priklað í beð og verður geymt þar til 1986. Mjög verður að gæta að rakastigi í brettum og höfum við leyst það mál með því að veita lækjum undir brettin öðru hvoru. Alls voru notaðar 1255 klst. til gróðursetningar. 1.25 mín. tók það að planta hverri plöntu (1255 x 60 ÷ 60.075 1.25) eða kr 2,05 pr. plöntu. Eingöngu var plantað í Þjórsárdal.

6.1. Þjórsárdalur.

Blágreni	Río Grande	1/op.	C 118	G	
	R2434-500, Priklað	-500			1.000v
Stafafura	Skagway	1/op	C 063	G	
	R2217-3000, R2214-7.140,				
	R2931-5.940, R2915-1.800				16.980 v
Rússalerki	MoDo	1/op	C 058	G	
	R2931-12.780, R2000-2.360				
	R2204-180				16.320 v

Stafafura	Haines	1 p/1 b	C 045	T	
	R2235 - 200				200 ✓
Stafafura	Bennet Lake	1/o p	C 062	G	
	R2030 - 9.100,	R2035 - 335			
	R2235 - 3.965,				13.400 ✓
Birki	Bæjarstaður	1/o p		G	
	R2210 - 6.360				6.360 ✓
Vörtubirki	Ulfvik	2/o	Y 79	T	
	R2303 - 50,	R2410B - 175			225 ✓
Vörtubirki	Ulfvik	2/o	Y 81		
	R2303 - 50,	R2410B - 50		T	100 ✓
Vörtubirki	Johannesberg	2/o	Y 3017	T	
	R2303 - 50,	R2410B - 100			150 ✓
Vörtubirki	Björnsberg	2/o	Z 117	T	
	R2303 - 50,	R2410B - 10			60 ✓
Vörtubirki	Bureå	2/o	AC 3000	T	
	R2303 - 50,	R2410B - 165			215 ✓
Stafafura	25 kvæmi í samanburðartilraun.				
	Ransóknarstöðin Mógilsá.				
	R2030 - 3000,	R1924 - 2000			5.000 ✓
Sitkagreni	Hómer plantað 1967 (pl.m.hnaus)				
	Úr R2120 í R2204				15 ✓
Fjallapínur	Sapineró plantað 1962 (hnauspl)				
	Úr R3331 í R2210				50 ✓
	Samtals plantað				<u>60.075</u>

6.2. Flutningur trjáa.

Tekin voru upp 50 tré af Fjallabín sem plantað var í R3331 1962 uppi á Selhöfðanum í Þjórsárdal.

Þessi tré eru frá Sapinero í Colorado og höfðu vaxið heldur hægt, enda er þarna nokkuð vindasamt og hátt yfir sjó, 225 metrar. Trén voru að meðalhæð 1,25m.

Var þeim komið fyrir í R2210 í grend við viðlegu-skálana í 125 m hæð yfir sjó. Skal nú reynt hvort vöxtur eykst ekki við 100 metra hæðarlökkun.

Þá voru og tekin upp í R2120 15 Sitkagreni (m.h. 2 m.) og flutt heim undir skálana og sett þar niður meðfram Skriðufellsvegi í R2204.

7. Hirðing plantna.

7.1. Hreinsun.

Sagaður var teinungur kjarr í Selhöfðum í Sitkagr.reit R3120 pl. 1960 sem var kominn alveg í kaf í Birki. Skjólbelti og teinungur sagað í Sitkagr.reit 3329 í Gullhekturum innst, svo og sagað ofan af Þöll í Dímonsgili 3417. Sagað var svo á ýmsum blettum sem og langt mál væri að telja upp. Alls 922 timar notaðir í umhirðu nýskóga.

7.2. Aburðargjöf.

Borin voru 3 tonn árbróðar að plöntum, bæði jólatré og annað. Á þessa reiti var borið: 2036 - 3221 - 3223B og C og 3410.

8. Vélar og Verkfæri.

8.1. Vörubifreiðin X 2395.

Nokkuð vorum við óheppnir með vörubifreiðina þetta árið. Snemma árs bilaði millikassi, vegna þess að hann var keyrður olíulaus. Söluólgur var verkstæði Kaupfél. Arn. Eftir viðgerð hafði láóst að setja olíu á kassann og við óvitandi um þetta fórum í ferð á bílnum. Skoðinn var lættur af K.A.

Í júní fengum við vatn inn á mótur en ferð var yfir Krossá í Þórsmörk. Skipt var um 2 stimpilstangir og 1 stimpil í mótur og bíllinn talinn jafn góður á eftir

8.2. Landrover X 139.

Bílnum hafði verið lagt haustið 1983 og hann síðan seldur snemma árs 1984. Nýr bill kom ekki fyrr en í júlí og var notast við bíla starfsmanna á meðan. Keyptur var sendibíll, Mishubishi L 300 4X4 7 farþega.

8.3. Vinnuvélar og verkfæri.

Fengin var kurlisög gömul frá Hallormstað og hún gerð upp og breitt nokkuð og talsvert notuð á árinu. Þá var og fenginn viðarkleyfir frá sama stað og hann endurbættur og tengdur við dráttarvél. Við höfum sem sé fengið í hendur verkfæri til eldiviðarframleiðslu þó ófullkomin séu. Þetta skapar þó möguleika á nokkurri vetrarvinnu sem hefur verið af skornum skammti hingað til fyrir utan vélaviðgerðir. Nú vantar aðeins apparat til yddingar og birkingar staura.

- Keypt voru 4 dekk undir traktorsgröfuna Að llo3.

- Gamla Ferguson dráttarvélin var send austur að Tumastöðum og notuð þar í varahluti og afskrifuð þar með hjá deild ll.

9. Ýmislegt.

9.1. Starfsmannafund sat skógarvörður í Reykjavík svo og aðalfund Skf. Íslands að Kirkjubæjarklaustri.

9.2. Smalamennskur.

Nokkurt ónæði varð af fé í Þjórsárdal síðast í ágúst og fyrst í sept. Gnúpverjar hleypa fjallfé sínu fram í beitarrhólf í Skeiðamannahólma og á Hafí. Nokkur hluti þessa fjár vill til byggða og þarf mjög sterkar girðingar til að halda því. Girðingin sprakk nokkrum sinnum, þótt nýleg sé og eftir 3 árangurslausar smalanir á Vikrunum í Þjórsárdal, var það ráð tekið að smala til réttar, viku af september og hirtu Gnúpverjar megnið af sínu fé og ráku heim, en ööru fé var ekið langt inn á Haf og vorum við í friði fyrir fé eftir það enda skammt til fjallferðar og rétta.

10. Ferðafólk.

10.1. Þjórsárdalur:

Ekki voru rukkuð tjaldgjöld í Þjórsárdal s.l. sumar, enda varla hægt, því þjónusta er nánast engin. Rusl var þó hreinsað einu sinni í viku, enda alltaf nokkuð um ferðafólk. Löguð voru til hjólhýsastæði við Hvammsá. Hugmyndin er að gera þarna stæði fyrir 30 hjólhýsi og ættu að hafast allgóðar tekjur af því. Um verslunarmannahelgina svo og um Hvítasunnu var tjaldsvæðið í Sandártungu leigt Héraðsambandinu Skarphéðni og Íþróttá og Ungmennasambandi Kjalanesþings til háriðahalds. Um verslunarmannahelgina komu þarna á 5. þúsund manna. Var hagnaður okkar kr 216.000 og fyrir hvítasunnuhelgina fengust 65.000. Samböndin reistu þarna 2 danspalla og fengu þeir að standa milli ára.

10.2. Þórsmörk.

Arni Ingólfsson og Iris Marelsdóttir voru gæslumenn í Mörkinni og önnuðust þau um tjaldgæslu og eftirlit með ferðafólki ásamt viðhald á girðingu. Vísast til skýrslu þeirra um starfið.

Alls voru notaðar 2090 klst. í Útivistarsvæði og er það stæsti einstaki kostnaðarliðurinn.

Selfossi 4/3 1985


Bödvar Guðmundsson.